

**Skýrsla stjórnar
Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu
starfsárið 2021 til 2022**

Frá aðalfundi 10.03.2021 til 09.03.2022

Lögð fram á aðalfundi 9. mars 2022

Í stjórn og varastjórn sátu á starfsárinu:

Formaður:	Grétar Pétur Geirsson
Varaformaður:	Hannes Sigurðsson
Gjaldkeri:	Arndís Baldursdóttir
Ritari:	Brandur Bryndísarson Karlsson
Meðstjórnandi:	Guðmundur Haraldsson

Varamenn: Sigvaldi Búi Þórarinsson, Ólafur Bjarni Tómasson, Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir, Pála Kristín Bergsveinsdóttir og Guðrún Elísabet Bentsdóttir.

Launaðir starfsmenn félagsins á tímabilinu voru tveir

Anna Kristín Sigvaldadóttir skrifstofa og bókhald.
Trausti Jóhannesson umsjón félagsheimilis.

Félagsmenn voru 1135 þann 1. janúar 2022.
11 hættu í félaginu (sögðu sig úr félaginu) árið 2021.

Skýrsla stjórnar:

Árið 2021 var líkt og árið 2020 þar sem takmarkanir í samfélaginu voru miklar vegna COVID-19 heimsfaraldurs. Við náðum þó að hafa bingó og Samveru og súpu frá september til nóvember 2021, en þá þurftum við að loka vegna hertra sóttvarna. Árin 2020 og 2021 hafa verið löng og erfið og er það von okkar að við séum að verða búin að komast gegnum þennan faraldur.

Framgangur verkefna á starfsárinu var svohljóðandi:

Heimildarmyndin okkar “ Aðgengi fyrir alla „ var sýnd 29. júní 2021 í Ríkissjónvarpinu (RÚV).

Það var á stefnuskrá stjórnarinnar að virkja félagsmenn til starfa fyrir félagið og sú stefna mun vera áfram á komandi starfsári.

Stjórn félagsins ætlar að hafa tvo fyrirlestra.

Þann fyrri miðvikudaginn 27 apríl 2022 þar kemur Sóley Dröfn Davíðsdóttir sálfræðingur hjá Kvíðameðferðarstöðinni og talar um aukin félagsleg virkni og núvitun.

Seinni fyrirlesturinn miðvikudaginn 11. maí 2022 þar kemur til okkar Unnur Arna Jónsdóttir frá Hugarfrelsi.

Sem mun fjalla um hugarfrelsi:

Með hugarfrelsi er átt við það frelsi sem hverjum manni er unnt að öðlast þegar hugurinn hefur ekki lengur neikvæð áhrif á daglegt líf. Frelsi frá áhyggjum, kvíða og ótta. Hugarfrelsi til þess að blómstra, frelsi til að nýta hæfileika sína sem best, frelsi til að velja hugsanir sínar sér og öðrum til gagns.

Starfsemi á skrifstofu og rekstur á félagsheimilinu hefur gengið vel eins og undanfarin ár og er Önnu Kristínu Sigvaldadóttir og Trausta Jóhannessyni þökkuð góð störf fyrir félagið.

Bingó

Bingó var tvö kvöld í mánuði frá september til nóvember 2021 þegar hætt var með félagstarf vegna sóttvarnatakmarkana. Það voru þær Sigrún Pétursdóttir og Björk Sigurðardóttir sem héldu utan um bingóið.

Samvera og súpa

Samvera og súpa var á þriðjudögum í september til nóvember 2021 þegar þurfti að loka vegna sóttvarna. Það voru Ólína Ólafsdóttir og Guðrún Elísabet Bentsdóttir sem framreiddu súpuna og meðlæti.

Krikaskýrsla

Kriki “ Paradísinn okkar „, var opin með breyttu sniði í sumarið 2021. Það var opið þriðju- miðviku-, fimmtu- og föstudaga frá klukkan 12:00 til 16:00 en því miður varð svo að loka vegna sóttvarna í lok júlí 2021. Það er von okkar að sumarið 2022 verði hægt að hafa venjulega opnun og engar takmarkanir en það á eftir að koma í ljós. Kriki á dýrmæta sjálfbodaliða sem halda honum opnum og hugsa vel um “ paradísina okkar „, þeirra framlag er ómetanlegt og vill stjórnin þakka þeim fyrir þeirra vinnu.

Flest í okkar félagi byggir á öflugu starfi sjálfbodaliða og því viljum við þakka eftirtöldum einstaklingum sérstaklega fyrir störf sín fyrir félagið:

Ása Hildur Guðjónsdóttir, Björk Sigurðardóttir, Guðrún Elísabet Bentsdóttir, Hannes Sigurðsson, Kristín Magnúsdóttir, Ólína Ólafsdóttir, Priscela Ycot Sigurðsson og Sigrún Pétursdóttir.

Fyrir hönd stjórnar Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu.

Grétar Pétur Geirsson formaður 2018-2022